

**Fjallskilaneftnd - 9. fundur fjallskilaneftndar haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
mánudaginn 24. september 2012
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Vignir Arnarson Aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir Formaður og Símon Viggósson (SV) Aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Lilja Magnúsdóttir, formaður

Dagskrá:

1. 1209085 - Fjallskilaneftnd - Undirbúningur fjallskila haustið 2012

Rætt um fjallskil í haust, ákveðið að smalað skuli dagana 13 og 14 . október 2012. Sendur verður út fjallskilaseðill með tilkynningu um dagsetningu og þann mannskap sem landeigendur eiga að leggja til í smölun.

Ákveðið að leggja til við sveitarstjórn að ráða mann með góða smalahunda til að sinna smalamenskunni ásamt mannskap honum til aðstoðar líkt og gert var á síðasta ári. Reynt verður að fá mannskap til að sinna smöluninni eftir því sem upp á vantar eftir mætingu frá landeigendum.

Lagt er til við sveitarstjórn að réttarstjóri báða dagana verði skipað Lilja Magnúsdóttir og gangnastjóri báða dagana verði skipaður Vignir Arnarson.

2. 1204051 - Fjallskilasamþykkt fyrir Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslur.

Fjallskilasamþykkt fyrir Barðastrandar og Ísafjarðarsýslur, fjallskilaneftnd hefur fjallað um drög að reglugerðinni og samþykkt þau drög.

Fjallskilaneftnd samþykkir reglugerðina fyrir sitt leyti og hvetur sveitarstjórn til að vinna hratt og örugglega að innleiðingu reglugerðarinnar.

3. 1210005 - Tillaga formanns um samþykkt um búfjárhald í Tálknafirði.

Formaður lagði fram samþykkt um búfjárhald í Vesturbyggð og kynnti hana fyrir nefndarmönnum. Fjallskilaneftnd hvetur sveitarstjórn til að gera svipaða samþykkt fyrir búfjárhald í Tálknafjarðarhreppi. Slík samþykkt tekur skýrt á búfjárhaldi utan lögbýla og setur skorður við búfjáreign án samþykktar sveitarfélagsins.

Formaður lagði fram samþykkt um búfjárhald í Vesturbyggð og kynnti hana fyrir nefndarmönnum. Fjallskilaneftnd hvetur sveitarstjórn til að gera svipaða samþykkt fyrir búfjárhald í Tálknafjarðarhreppi. Slík samþykkt tekur skýrt á búfjárhaldi utan lögbýla og setur skorður við búfjáreign án samþykktar sveitarfélagsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.
